

Fundur svæðisnefndar GSA – samtakanna á Íslandi 20. nóvember 2017 kl: 20 - . Reykjavík

Atkvæðisrétt á fundinum höfðu deildarfulltrúar eða varamenn þeirra ef deildarfulltrúi mætti ekki (eitt atkvæði á hverja deild).

Mættir:

Sunnudagsdeild: Varadeildarfulltrúi mættur og deildarfulltrúi mættur á skype.

Þriðjudagsdeild: Deildarfulltrúi mættur

Miðvikudagsdeild (Grindavík): Deildarfulltrúi mættur

Fimmtudagsdeild: Deildarfulltrúi og varadeildarfulltrúi mættir

Laugardagsdeild: Elín Deildarfulltrúi

Akranesdeild: Deildarfulltrúi og varadeildarfulltrúi. mættir

Akureyradeild: Enginn mætur

Skype deild: Deildarfulltrúi mættur á skype.

Aðrir sem eru mættir:

Fulltrúi frá Grásleppunum mættur.

Dagskrá:

1. Oddamaður las 3. og 4. grein samþykktar Svæðisnefndar um hlutverk og helstu verkefni svæðisnefndar.
2. Fundagerð frá Svæðisnefndafundi GSA – samtakanna á Íslandi frá 9 september 2017 lesin.
3. Ekkert frést frá nefndum.
4. Afmælisfundur verður haldinn þann 10. febrúar 2018. Oddmaður sér um að panta Von hjá SÁÁ. Mun panta salinn alla daginn. Laugardagsdeildin verður beðin um að flytja fundinn sinn yfir í Von kl: 11:30 til 12:45. Síðna gætu meðlimir borðað saman nesti. Afmælisfundurinn yrði svo frá klukkan 14 til 16. Árshátíðin yrði frá kl 19 til 23 en Grásleppurnar sjá um hana. Deildarfulltrúi þriðjudagsdeildar tekur að sér að finna karlkyns leiðara, oddamaður tekur að sér að finna leiðara með langt fráhald. Oddmaður og ritari sjá um að auglýsa fundinn. Grásleppurnar sjá um kaffið á afmælisfundinum.
5. Það væri gaman fyrir samtökin að láta þýða bókina „ Twelve steps and twelve traditions of Greysheeters anonymous.“

6. Oddamaður ætlar að setja sig í samband við útgáfuráð varðandi þýðingu á gráðu síðunn en svæðisnefnd hefur ekki fengið neinar upplýsingar um hvernig gengur með hana.

Önnur mál

Það má alveg minna á Skype deildina inn á fundum.

Deildarfulltrúi Skype er ekki inn á svæðisnefndarsíðu facebookk oddamaður ætlar að bjóða honum að gerast meðlimur.

1984 sem sér um heimasíðu gsa.is og pósthólfið varð fyrir árás tölvuþrjóta og síðan féll niður. Þau segja að um 80 % sem þau hýsa verði komin inn um miðnætti í kvöld.

Það þarf að endurskoða loforðin sem eru á gsa.is en þetta eru ekki okkar loforð. Þetta eru loforð AA samtakana og við þurfum að setja okkar inn. Oddamaður mun láta laga þetta.

Heimsráðið hafði samband og var að spyrja hvort að svæðisnefnd Íslands myndi ekki styrkja það. Við eigum ein fulltrúa í heimsráðinu og ákveðið var að við myndum borga fyrir hann út og ráðstefnu gjaldið. Það yrði framlag Íslands til heimsráðsins. Einnig ef félagið ætti eitthvað aflögu myndi fulltrúinn eða alþjóðafulltrúinn fara með peningagjöf með sér.

Gjaldkeri upplýsti að deildirnar væru að leggja inn á svæðisnefnd reglulega, deildarfulltrúi Skype ætlar að leggja til við félagsmenn að meðlimir deildarinnar leggi sjálfir beint inn á svæðisnefnd.

Næsti fundur verður mánudaginn 15. janúar 2018 klukkan 20:00. Oddmaður sér um að auglýsa hann.

Fundi slitið kl: 21:26